

Hið hlýja hjarta Afríku

Að flytja til Malaví til að sinna þróunarstarfi, kennslu og ljósmyndun í tvö ár reyndist hafa umtalsverð áhrif á hjónin Ragnhildi Rós Indriðadóttur og Skarphéðin G. Þórisson og unglíngana þeirra þrjá.

Að flytja til Malaví til að sinna þróunarstarfi, kennslu og ljósmyndun í tvö ár reyndist hafa umtalsverð áhrif á hjónin Ragnhildi Rós Indriðadóttur og Skarphéðin G. Þórisson og unglíngana þeirra þrjá. **Steinunn Ásmundsdóttir** fræddist um dvöl þeirra í þorpínu Chirombo við Malavívatnið.

Áður en ég stofnaði fjölskyldu var ég í hjálparstarfi hjá Rauða krossinum í Taílandi og í Eþíópíu fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar," segir Ragnhildur Rós, sem er hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. "Mig hafði alltaf langað að sinna þróunaraðstoð í lengri tíma samfleytt en þá sex mánuði sem ég dvaldi á hvorum stað við neyðaraðstoð. Við Skarphéðinn sáum auglýsingu um að stofnuð hefðu verið samtökin Afríka 20:20 hér á Íslandi árið 2003. Það ýtti við mér og þegar Þróunarsamvinnustofnun auglýsti eftir hjúkrunarfræðingi með ljósmæðramenntun í byrjun árs 2004 sótti ég um. Við höfðum verið að velta slíkum möguleikum fyrir okkur um hríð og rætt það við krakkana. Ég fór svo til Monkey Bay í Malaví að sinna þar starfi tæknilegs ráðgjafa í heilsugæsluverkefni Þróunarsamvinnustofnunar og vann þar ásamt íslenskum lækni, Lovísu Leifsdóttur. ÞSSÍ hefur sett sér það markmið að vinna meðal fátækustu þjóðanna og þar er Malaví mjög neðarlega með sínar 13 milljónir íbúa. En einnig hefur pólitískt ástand verið nokkuð stöðugt þar þrátt fyrir djúprætta spillingu og ekki er stríð eða óöld í landinu."

Ragnhildur fór út í júlí 2004 og fjölskylda hennar,

Skarphéðinn G. Þórisson líffræðingur og þrír unglíngar, þau

Þuríður, Indriði og Ingibjörg, kom út mánuði síðar þegar búið var að leigja út íbúðarhús þeirra í Fellabæ. Malavídvöl þeirra varði í tvö ár, fyrra árið voru þau í þorpínu Chirombo í Monkey Bay við Malavívatnið og það síðara var Skarphéðinn með börnin í höfuðborginni Lilongwe og fjölskyldan hittist um helgar þar eða í Chirombo.

"Ég man að Indriði og Ingibjörg tóku ekki vel í hugmyndina í upphafi," segir Þuríður og kímir. "Mér þótti þó strax mjög spennandi tilhugsun að flytja til Afríku."


Skarphéðinn kenndi krökkunum heima samkvæmt íslenskri námsskrá og með aðstoð frá Fellaskóla, sem sendi vikulega námsáætlun. Smám saman eignuðust unglíngarnir kunningja í þorpínu en fundu sig þó ekki almennilega í Chirombo. Það breyttist þó mjög þegar þau fluttu með föður sínum í höfuðborgina og sóttu þar alþjóðlegan skóla.

Morgunsárið og myndavélin

Það fór bærillega um fjölskylduna rétt við vatnsborð hins fagra og gjöfula Malavívatns. Húsið var vel búið og fjarskiptin í lagi. Þorpsbúar fóru fram hjá húsinu og niður að ströndinni árla morguns til að þvo sér, vaska fót sín og ílát og sækja



Hróðugur Boyidi Musa við veiðar á Malavívatninu á eintrjáningi gerðum úr Mtondo-trénu.



[]

vatn. Flestir þeirra voru örsnauðir en höfðu þó til hnífs og skeiðar og áttu jafnvel skó og gamalt hjól ef þannig stóð á. Það var þó ekki þar með sagt að þeir hefðu áhuga á að nota skóna.

Skarphéðinn segist hafa kunnað því vel að sjá um menntun barna sinna, enda hefur hann verið kennari í 17 ár samhliða því að huga að hreindýrum frá 1978.

"Þau lærðu líka ýmislegt utan við námsáætlunina. Þegar við fórum til Jóhannesarborgar í Suður-Afríku skoðuðum við t.d. Apartheid-safnið og fórum um Soweto. Þau kynntu sér því sögu Suður-Afríku og skiluðu síðan ritgerð um það. Svo týndist ég gjarnan eldsnemma á morgnana úti með myndavélina og sjónaukann. Ef ég sá skemmtilegan fugl eða annað sem gaman var að mynda gat ég tafist nokkuð. Öll þessi augnablik og stundir á bak við hverja ljósmynd eru dýrmætari. Ég tók þúsundir mynda af náttúrunni og svo fór að vakna áhugi á að mynda mannfólkið, en hann hefur ekki verið til staðar til þessa. Mín afríska uppskera er að kynna þessu samfélagi vel og eignast fullt af vinum. Í fyrstu var þetta framandi en þegar á leið sá maður samsvörun og hversu mannskepnan er sjálfri sér lík hvar sem hún er á jörðinni. Óneitanlega höfðar þessi lífsmáti til mín að sumu leyti og það eru forréttindi að njóta þessa í ákveðinn tíma. Lífið þarna er hvorki þjakað né stressað, en áhyggjur hefur fólk auðvitað, t.d. af rigningunni, fæðu og menntunarmöguleikum barna sinna."

Ragnhildur segist hafa unnið við héraðssjúkrahús í Monkey Bay sem ÞSSÍ byggði og vígt var 2002. "Mitt starf fólst í að aðstoða við að reka sjúkrahúsið og finna út í samstarfi við Malavana hvernig best væri að haga hlutunum. Stór hluti verkefnisins snýst um þjálfun starfsfólksins og annars fólks á svæðinu. Upptökusvæði sjúkrahússins er 100 þúsund íbúar rúmlega og þar eru að auki fjórar heilsugæslustöðvar. Heilbrigðisstarfsfólkið fékk þjálfun, sem og sjálfbóðaliðar. Malavar eru mikið í að finna sjálfbóðaliða og ætla þeim talsvert starf, gjarnan úti í þorpunum, og á það ber að líta að sjálfþurftarþæðurnir borgar ekki skatt en leggja t.d. á þennan hátt til samfélagsins. Ég tel að mitt starf hafi verið skilvirkt og að öll þjálfun sem við komum að hafi mikið að segja. T.d. styrktum við þjálfun yfirsetukvenna í þorpunum, en þær taka á móti börnum í heimahúsum og þótt alþjóðlega sé ekki mikil hrifning á því að þjálfar þessar konur, heldur fremur vilji til að þjálfar fagfólk, er það skásti kosturinn því líðfátt er á heilsugæslustöðvum."

"Það er mjög gott sem mamma var að gera þarna og nauðsynlegt fyrir svona fátækt land," bætir Þuríður við. "Í Malaví er mjög gott fólk og viljugt að auka þekkingu sína." Indriði segir þó ákveðið framtagsleysi hjá það, t.a.m. vökví fólk við vatnið ekki akrana þegar þurrkur er svo allt skrælnar og deyr. Fólk þelji sig sumpart ofurselt því sem yfir það dynur. Þuríður segir marga fara til höfuðborgarinnar til að finna sér betra líf og vinnu og einhverjum takist það, öðrum ekki. Það sé hins vegar erfitt að ungt fólk sem komist til mennta sækist eftir því að flytja á brott, til Ameríku eða Bretlands, og komi ekki endilega til baka. Menntun sé leið til að komast burt. Þorri fólks fái þó aldrei tækifæri til annars en að skrimta eða rétt rúmlega það.

Eymdarorðræðan um Afríku

Afríka er gífurlega stór og fjölbreytt heimsálfa. Ragnhildi Rós og Skarphéðni hryllir við þeirri vestrænu ímynd álfunnar að þar séu skælbrosandi svertingjar sitjandi flötum beinum í sandinum og allir að deyja úr eyðni.

"Eymdarumræðan er fyrirferðarmikil í fjölmiðlum," segir Ragnhildur. "Auðvitað er neyðaraðstoðin allra góðra gjalda verð og vesöld vissulega víða mikil. Í Malaví eru um 18% íbúa sýkt af HIV, tíðni mæðradauði há, eitt af hverjum átta börnum nær ekki fimm ára aldri og malaría er stórt vandamál. En Afríka er líka álfa stórkostlegrar náttúrufergurðar, menningar, menntunar, rannsóknar, tækifæra, framfara og bara mjög forvitnilegur hluti veraldarinnar. Í Afríku er mikið um galdra og hjátrú, t.d. í Malaví, og fólk afgreiðir Afríkubúa þá sem fáfróða og trúgjarna. En er þetta nokkuð öðruvísi en hér heima með álfa- og huldufólksstrú, tröll og drauga, spábolla og viskubein? Og í öllum samfélögum er einhver óþverri og misskipting. Afríka er "exótísk" og stundum skrytín, en fólk þar er fólk eins og við og það þurfum við að virða og skilja. Hinn vestræni heimur hefur arðrænt þjóðir Afríku og hann er einnig svo óþolinmóður gagnvart álfunni og vill hjálpa á sínum eigin forsendum, en ekki forsendum íbúa álfunnar, sem þurfa hjálp og stuðning. Það er ekki víst að þótt við á Vesturlöndum höfum fundið lausnir til að bæta okkar líf í aldanna rás sé þar með sagt að við getum troðið þeim lausnum upp á Afríkubúa á nokkrum áratugum. Mín sýn á þróunarhjálp er að hún ætti að vera sem allra mest unnin af innlendu starfsfólki en auðvitað er sjálfsgott að miðla þekkingu og reynslu okkar."

Mikið veganesti til að vinna úr

Ragnhildur segir Malaví ægifagurt land, fólkið hjartahlytt og mottó þess sé "The warm heart of Africa" og gert sé út á það. "Maður kom með mjög mikið veganesti heim til Íslands og ég er ekki búin að vinna úr öllu sem ég kynntist þarna. Þetta var tími sjálfsskoðunar og e.t.v. vinn ég starf mitt hér heima í mæðravernd og ungbarnaæftirliti með öðru hugarfari nú. Mér finnst að sumu leyti of mikið stúss hér við fullfrískt fólk á kostnað þeirra sem meiri umönnun þurfa. Meiri gagnrýni er þörf."

"Ég hef auðvitað alltaf vitað að við værum ekki fátæk. Að lifa í Afríku var mjög áhrifaríkt og gaman og kom mér í skilning um óréttlætið í heiminum og hversu gott við höfum það. Mig langar að vinna á vettvangi að hjálparstarfi og leggja mitt að mörkum" segir Þuríður og Indriði bætir við að heimurinn hafi minnkað eftir Afríkudvölinu. "Ísland er orðið pínulítið og maður skilur að samfélög eru margskonar og vert að skoða þau. Það var hálfskrýtið að koma aftur í Fellabæinn en gott að hitta vinina og fljótlega var eins og við hefðum ekki farið eitt eða neitt."

Ljósmyndasýning frá Malaví

UM helgina var opnuð sýning í gamla sláturhúsinu á Egilsstöðum á ljósmyndum Skarphéðins G. Þórissonar sem hann tók yfir tveggja ára tímabil í Malaví. Sagt er frá þorpinu Chirombo á strönd Malaví-vatns og íbúum þess í myndum og máli. Skarphéðinn sýnir einnig muni sem tengjast daglegu lífi þorpsbúa. Þá ætlar hann á sýningunni að standa fyrir uppboði á útskornum munum til styrktar Isaac vini sínum sem hyggur á framhaldsnám.

Skarphéðinn hefur unnið að útgáfu bókar á íslensku og ensku um líf fólksins í Chirombo og um sögu og gersemar Malaví og skrifar hana með Ingibjörgu dóttur sinni, Benedicto Stankio Zauwah, Verson Mairos Chirombo og fleirum úr þorpinu. Fjöldi ljósmynda Skarphéðins mun prýða bókina og leitar hann nú leiða til útgáfu.

steinunn@mbl.is